

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2016, Bjarnarflag.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. desember 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1979-1999, frá 31. desember 1997.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Iðnaðarsvæði í Bjarnarflagi stækkar til austurs og suðurs. Svæðið nær yfir núverandi jarðhitavinnslusvæði, mannvirki hitaveitu Mývatnssveitar og tengist núverandi iðnaðarsvæði sem nær yfir lóð Kísiliðjunnar.
- Gert er ráð fyrir 132 kV jarðstreng frá Bjarnarflagsstöð að Kröflulínu 1 við Langhóla. Þaðan er gert ráð fyrir loftlínu meðfram núverandi Reykjahlíðarlínu að Kröflustöð.
- Austurhlíð Dal fjalls, Dalborg, Námafjall, Krummaskarðsmisgengi og Hrossaborg eru skilgreind sem hverfisverndarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 19. desember 2005.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*